

From vision to action “Góðir hlutir gerast”

Desember 2009

3.tlb

Kæru formenn

Nú hafið þið fengið sendingu frá alþjóðaskrifstofunni með vefslóð að skýrslum sem þið eigið að fylla út og senda mér eða formönnum nefnda fyrir 1. febrúar. Ég mun minna ykkur á þetta aftur í janúar og setja leiðbeiningar inn á vefinn til að létta ykkur lífið. Nú er aðventan að ganga í garð með ljósi og yl og vona ég að þið getið notið hennar í faðmi fjölskyldu og vina.

Upplýsingar

Inntaka nýrra kvenna. Ég sendi ykkur bréf varðandi inntöku nýrra kvenna og vona ég að það hafi komið að gagni. Það er að ýmsu að hyggja og er nauðsynlegt að vanda til þessa atburðar. Sjá nánar um inntöku á vefnum http://dkg.muna.is/is/page/efni_fyrir_formenn.

Þrjár deildir munu taka inn nýja félaga nú á jólafundum og hlakka ég mikið til að vera viðstödd þær allar.



Notið þennan kynningarbækling til að kynna samtökin fyrir nýjum félögum. Tilvalið er að afhenda blöðunginn einnig þegar þið þakkið fyrirlesurum utan samtakanna um leið og þið afhendið þeim rós sem þakklæti.




Gönguhópur DKG
7 galvaskar konur hittust við
Perluna og gengu í yndislegu
veðri.

Margrét Jónsdóttir í Gammadeild
leiddi hópinn.

Myndirnar eru komnar á vefinn [http://
dkg.muna.is/is/gallery/](http://dkg.muna.is/is/gallery/)

Næsta ganga verður þriðjudaginn 1.des.



Til framkvæmda

Ákveðið er að hittast við Perluna fyrsta þriðjudag í mánuði kl 17:30–18:30.

Ég minni ykkur aftur á að athuga hvort félagatalið er rétt á netinu. Sendið konum bréf um að fara inn á vefinn og athuga hvort þar séu réttar upplýsingar. Sendið breytingar í félagatalið til Eyglóar eyglob@unak.is vefstjóra. Hvetjið einnig vefumsjónarmenn að hafa samband ef þeir þurfa aðstoð við að setja efni á vefinn.



Minnið konur að koma með næluna á fundi. Þegar þið takið nafnakall þá er gott tækifæri til að skila kveðjum frá þeim sem ekki komast.

Desember 2009						
Má	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Su
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31	1	2	

→ Gönguhópurinn 1. desember, kl. 17:30

Eindagar

→ 1.des. Skila inn umsókn um Golden Gift Fund og Leadership Seminar.
2.jan. Skila inn umsókn um Educational Foundation.

Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónsdóttir
landssambandsforseti DKG

